

Frá Vatnshlíðarhorni að Grindaskörðum.

(Farið 16. júní, kl. 10.30 og 13.00)

Um næstu helgi verður 6. ganga Ferðafélags Íslands farin um gosbeltið suðvestanlands. Verður gengið frá Krísvíkurvegi við Vatnsskarð að Grindaskörðum. Þessi leið er einkar stórbrotin. Kemur þar einkum tvennt til: Útsýni er fagurt og mikið og í annan stað fá menn góða sýn yfir verk hinna römmu reginafla, sem hafa mótað og skapað þetta land.

Af veginum verður gengið upp á Vatnshlíðarhorn, sem er gegnt Vatnsskarði. Gangan upp þá brekku er auðveld, hækkun eitthvað um 200 m. Austan við hornið er alldjúpt vik, eða smádalur sem gengur inn í hálendisbrúnina. Nefnist hann Fagridalur og þarf að krækja suður fyrir hann. Fjallsbrúnin langa frá Fagradal að Grindaskörðum nefnist einu nafni Langahlíð og mun hún verða þrædd að mestu leyti austur á Hvirfil, hæsta staðinn á fjallinu.

Brúnir Lönguhlíðar eru þaktar grágrýti, en annars er fjallið orpið mörgum hraunum, sem runnið hafa frá eldstöðvum sunnar og austar á svæðinu. Tungur frá tveimur þeirra hafa runnið ofan í Fagradal. Athuganir Jóns Jónssonar jarðfræðings benda til þess að eystri hrauntungan hafi runnið frá gosi í Brennisteinsfjöllum sem mun hafa orðið þar um árið 900.

Hvirfill er 621 m y.s. Í björtu veðri er firnagott útsýni af honum. Þaðan sést út eftir Reykjaneskaganum og byggðin við innanverðan Faxaflóa blasir við í vestri og norðri. Í austurátt bera Tindfjalla- og Eyjafjallajökklar við himin og yst við sjóndeildarhring skarta Vestmannaeyjar á bláum sænum.

Í suðaustur frá Hvirfli er grasigróinn hvammur, sléttur í botninn. Nefnist hann Námahvammur. Á hann sér sérstaka sögu. Á níunda tug síðustu aldar var grafið fyrir brennisteini í Brennisteinsfjöllum á vegum skoskra aðila. Náma var opnuð í hraunjaðrinum sunnan við hvamminn og efnið grafin úr jörðu með haka og skóflu. Hús var reist í hvamminum og þar höfðu námamenn bækistöð.

Brennisteinninn var síðan fluttur á hestum til Hafnarfjarðar og þaðan um borð í skip.

Ekki hefur starfið verið aðlaðandi. Í grein, sem Ólafur Þorvaldsson ritaði í 42. tbl.Sunnudagsblaðs Tímans 7. des. 1969 segir svo: "Vel man ég einn þeirra, sem unnu í þessum brennisteinsnámum. Meðal annars sagði hann mér, að sjaldan hefðu námumenn getað verið lengur niðri í námunum en fimm eða sex mínútur í einu sökum hitans- þá hefði verið skipt um. Allir urðu að vera í tréskóm, klossum, allt annað soðnaði óðara".

Eftir að hafa litast um á Hvirfli, er sjálfsagt að rölta niður í Námahvamm og skoða þar litlu leifar um brennisteinsvinnsluna, sem þar eru sýnilegar. Mun það einkum vera hústóttin og merki um jarðrask við námuopið.

Ef tími vinnst til má lengja gönguna á Kistufellið og um Brennisteinfjöllin, en annars verður haldið meðfram Draugahlíðum í áttina að Grindaskörðum. Þar liggur Selvogsgata, sem var alfaraleið milli Hafnarfjarðar og Selvogs um aldir.

Grindaskörðin blasa við sjónum manna frá Innnesjum. Í þeim eru nokkrir gígar, stundum nefndir Grindaskarðahnúkar, en heita samt sínum nöfnum. Austastur er Stóri Bolli, þá Tvíbollar, en vestastir eru Þríbollar. Skarðið milli Tvíbolla og Þríbolla heitir Kerlingarskarð og þar upp liggur gatan.

Vestan undir Tvíbollum, austan við götuna, er smá slakki. Þar eru nokkrar snapir fyrir hesta og segir Ólafur Þorvaldsson í fyrrnefndri grein, að lausríðandi menn hafi oft farið þar af baki, einkum á austurleið. Þarna munu vera einhverjar leifar af

húsarúst. Ólafur gerir þá grein fyrir henni að W.G.Spencer Paterson forstjóri brennisteinsvinnslunnar hafi látið byggja umhleðslustöð í þessum slakka. Brennisteinninn var selfluttur þannig " að lest að austan fór ekki lengra en ofan fyrir skarðið í hvilft þá, sem hér er nefnd, og sú sem frá Hafnarfirði kom, stansaði einnig þarna. Svo var skipt um farangur, þannig að önnur lestin tók bagga hinnar og fór sína leið aftur til baka".

Ekki er rúm í þessari stuttu grein til að segja meira frá brennisteinsvinnslunni, en rústinar tvær vekja forvitni. Því er þeirra getið hér.

Tómas Einarsson.